

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 12.10.2023
UST202301-201/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 01.09.2023 – Olíudreifing ehf., Patreksfirði

Þann 1. september sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar, Patreksfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Að stöðvarstjóri þarfnast þjálfunar í að finna þau gögn sem krafa er á um í starfsleyfi s.s. áætlanir og aðrar upplýsingar. Mikilvægt er að stöðvarstjóri þekki starfsleyfið og þær kröfur sem til rekstraraðila eru gerðar.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.1 og 4.3 í starfsleyfi. Skráningum á mánaðablöð í rekstrarhandbók, s.s. á mælingum í olíuskilju er ábótavant.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. nóvember 2023.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur